

8. fundur Fræðslunefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 15. mars 2023 og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ), Birna F Hannesdóttir (BFH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Birgitta Guðmundsdóttir (BG).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Formaður kannaði hvort að athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Svo var ekki og telst því 8. fundur fræðslunefndar lögmætur.

Gerður Rán Freysdóttir boðaði forföll og sat varafulltrúinn Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir fundinn í hennar stað.

Rúna Sif Rafnsdóttir, áheyrnafulltrúi foreldra gunnskólabarna, boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Stoðþjónusta í leik- og grunnskólum vegna farsældarlaga - 2303095

Minnisblað frá félagsmálastjóra dags. 13.03.2023 vegna samstarfs Tálknafjarðarskóla í stoðteymi/samræmingarteymi með skólum í Vesturbyggð.

Arnheiður Jónsdóttir (AJ), félagsmálastjóri, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Eftir kynningu AJ á efni minnisblaðsins urðu umræður um efni þess.

Fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps telur jákvætt að Tálknafjarðarskóli sé í samstarfi með skólum í Vesturbyggð í stoðteymi/samræmingarteymi og telur að það styðji við innleiðingu farsældarlaga hjá Tálknafjarðarhreppi.

2. Skóladagatal 2023-2024 - 2303077

Skólastjóri lagði fram tillögu að skóladagatali 2023-2024.

Eftir umræður var afgreiðslu frestað til næsta fundar nefndarinnar.

3. Úthlutun og ráðastöfun fjármuna til grunnskóla - 2303034

Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu dags 27.02.2023 varðandi áframhaldandi vinnu um úthlutun og ráðstöfun fjármagns til grunnskóla. Jafnframt er lagt fram erindi frá ráðuneytinu dags. 06.03.2023 þar sem er boðað til fræðslu- og umræðufunda vegna verkefnisins sem fara fram á Ísafirði 22.03.2023 og 17.05.2023.

Lagt fram.

4. Stefna um nýtt námsmat grunnskóla - 2303075

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur sett í samráðsgátt til umsagnar fyrstu drög að stefnu um innleiðingu nýs námsmats með það að markmiði að færa matið nær nemendum og kennurum sem verkfæri til umbóta, skólaþróunar og framfara. Umsagnarfrestur er

8. fundur
30.03.2023

13.03.2023-31.03.2023.

Lagt fram.

5. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023 - 2208001

Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir verkefni Tálknafjarðarskóla síðustu vikna og það helsta sem er framundan.

Fræðslunefnd þakkar skólastjóra góða yfirferð.

Samþykkt að taka málefni samrekens skóla sérstaklega á dagskrá á næsta fundi fræðslunefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

Birna F Hannedóttir (BFH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Birgitta Guðmundsdóttir (BG)